

# Eftirlit með móttökuaðstöðu fyrir úrgang og farmleifar 2015

Ný reglugerð um móttöku á úrgangi og farmleifum frá skipum (reglugerð nr. 1200/2014) tók gildi í desember árið 2014. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að haft sé eftirlit með móttökuaðstöðu fyrir úrgang og farmleifar frá skipum í öllum höfnum landsins, á fimm ára fresti. Umhverfisstofnun skal fyrir 1. maí ár hvert gefa út skýrslu um niðurstöður eftirlits fyrir undangengið ár og birta á vefsetri sínu.

Farið var í fyrsta eftirlitið á haustmánuðum 2015, og alls í 18 hafnir.

**Tafla 1:** Heimsóttar hafnir árið 2015 og fjöldi frávíka

Höfn	Flokkur	Fjöldi frávíka
Faxaflóahafnir, Reykjavíkurhöfn	1	0
Faxaflóahafnir, Akraneshöfn	1	0
Faxaflóahafnir, Grundartangahöfn	1	0
Faxaflóahafnir, Borgarneshöfn	3	0
Hafnarfjarðarhafnir, Hafnarfirði	1	0
Hafnarfjarðarhafnir, Straumsvík	1	0
Hafnir Ísafjarðar, Ísafjarðarhöfn	1	3
Hafnir Ísafjarðar, Þingeyrarhöfn	3	2
Hafnir Ísafjarðar, Flateyrarhöfn	3	3
Hafnir Ísafjarðar, Suðureyrarhöfn	3	1
Hafnir Vesturbyggðar, Patrekshöfn	2	5
Hafnir Vesturbyggðar, Bíldudalshöfn	3	4
Hafnir Vesturbyggðar, Brjánslækjarhöfn	3	4
Reykholahreppur, Reykholahöfn	2	6
Reykholahreppur, Flateyjarhöfn	3	1
Bolungarvíkurhöfn	2	5
Súðavíkurhöfn	3	3
Tálknafjarðarhöfn	3	5
Seltjarnarnesbær, smábátahöfn	3	0
Þorlákshafnarhöfn	1	2
<b>Samtals</b>	<b>20 hafnir</b>	<b>44 frávík</b>

Í þeim tilvikum þar sem um hafnarsamlag eða margar hafnir í sama sveitarfélagi er að ræða, þá getur verið um sama/sömu frávík að ræða sem löguð eru í einni aðgerð.

Ekki var farið í Kópavogshöfn, vegna forfalla. Farið verður í sumar.

**Tafla 2:** Fjöldi eftirlita og frávíka árið 2015 eftir flokkum hafna.

Stærðarflokkur	Fjöldi eftirlita	Frávík
Eitt	7	5
Tvö	3	16
Þrjú	10	23
<b>Samtals</b>	<b>20</b>	<b>44</b>

Ef frávík eru í eftirliti eru gerðar athugasemdir og farið fram á að úrbætur verði gerðar eða tiltekin höfn getur sent inn úrbótaáætlun, þar sem kemur fram til hvaða ráðstafana er gripið til að bæta úr í samræmi við athugasemdir og hvenær þeim aðgerðum á að vera lokið.

Umhverfisstofnun fer yfir úrbótaáætlanir þegar þær berast og samþykkir þær ef tilefni er til. Ef höfn hvorki sendir úrbótaáætlun né gerir þær úrbætur sem farið er fram á getur stofnunin gripið til

úrræða sbr. 14. gr. reglugerðarinnar sbr. V. kafla laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Hafnir með frávik hafa allar, nema Tálknafjarðarhöfn, skilað inn úrbótaáætlun eða gert þær úrbætur sem farið fram á.